

27 sem skiptast milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkv. b-lið 38. gr., ef fyrir 6. maí hendi eru, ella til dánarbús hans.

2. gr.

Við bráðabirgðaákvæði laganna bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Viðbótardánarbætur samkvæmt 39. grein skal greiða fyrir dauðaslys lögskráðra sjómanna, sem orðið hafa eftir 31. des. 1958. Jafnframt skal ráðherra setja nýjar reglur um áhættuiðgjöld sjómanna samkvæmt 43. gr. laganna og gilda þær frá og með 1. janúar 1959.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

28

30. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1959, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

b-liður 52. gr. laganna orðist svo:

Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn á 1. verðlagssvæði, skv. 10. gr., greiða þó 5 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 10 kr. fyrir hverja vitjun. Sama gildir í kaupstöðum og kauptúnum á 2. verðlagssvæði, þar sem læknir starfar auk héraðslæknis, ef sjúkrasamlagsstjórn ákveður, að fengnu samþykki tryggingaráðs. Breytist kauplagsvísitala um 10% eða meira, skal samræma greiðslurnar þeirri breytingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.